

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2759 frá 19. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að vera áhættuvörn gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, aðstæður fyrir pörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90705, 6.11.2024.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bgca (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bgcb. **32024 R 2759**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2759 frá 19. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að vera áhættuvörn gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, aðstæður fyrir pörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2759, 25.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2759/oj

(Stjtið. ESB L, 2024/2759, 25.10.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90705, 6.11.2024.“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2759, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90705, 6.11.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.